

Fógetarétturinn verður að líta svo á, að verk það, sem gerðarbeiðandi hefir látið vinna við hinar greindu eignir og, sem hann hefir talið kosta kr. 18,566,02, geti ekki talist viðhald í skilningi tekju- og eignaskattslaganna, heldur endurbætur á hinum keyptu eignum, frá því, er þær voru þegar kaupin fóru fram, og að gerðarþoli hafi varið nefndum hluta tekna sinna til beins eignarauka. Verður upphæðin því ekki talin frádráttarhæf. Ber því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Föstudaginn 25. sept. 1931.

Nr. 19/1931. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Albert Jóhannessyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Brot gegn reglugerð um skoðun bifreiða.

Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 17. febr. 1931: Ákærður, Albert Jóhannesson, á að vera sýkn af kærnum og kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu. Málskostnaður, þar á meðal þóknun til skipaðs talsmanns ákærða, hæstaréttarmálaflutningsmanns Sveinbjarnar Jónssonar í Reykjavík kr. 50.00, greiðist af almannafé.

Dómur hæstaréttar.

Í 2. gr. reglugerðar nr. 4, 1. febr. 1928, er meðal annars svo mælt fyrir, að þarnefndir skoðunarmenn skuli ákveða hve margir farþegar megi vera í bifreið til mannflutninga og skuli sérstaklega tekið fram í skoðunarvottorðinu, hve margir farþegar megi sitja í framsæti bæði fólks- og vörubifreiðar við hlið bifreiðarstjóra. Samkvæmt þessu ákvæði reglugerðarinnar, sem hefir næga stoð í lögum, nr.

23, 31. maí 1927, hafa hinir skipuðu skoðunarmenn ákveðið, að 2 farþegar megi sitja í framsæti í bifreið Vífilsstaðahælisins, G.K. 17, er kærði stýrir. Þessu ákvæði skoðunarmannanna hefir kærði eigi talið sér skylt að hlýða. Heldur hann því fram, að skoðunarmennirnir hafi að ástæðulausu bannað sér að hafa 3 farþega í framsætinu, framsætið sé 165 cm. á breidd og komi þannig 41 cm. á hvern mann, þótt 4 séu í sætinu, og verði það að teljast nægilegt. Þessa skoðun styður kærði með því að leggja fram vottorð frá læknum og starfsfólki á Vífilsstöðum, um að vel hafi farið um farþega í framsætinu þótt 3 væru og að vottorðsgefendurnir hafi ekki séð, að farþegarnir hafi á nokkurn hátt hindrað bílstjórnann í starfi sínu og ennfremur hefir verið lögð fram í málinu skoðunargerð 2ja dómkvaddra manna um að þeir álitu nægilegt rúm fyrir bílstjórnann í umræddri bifreið, sem fjórða mann í framsætinu, ef hann hafi 2 farþega til hægri og einn farþega til vinstri handar.

Þessi gögn nægja þó eigi til að undanþiggja kærða refsingu fyrir brot á nefndri reglugerð, því á meðan úrskurður skoðunarmannanna um farþegatöluna stendur óhaggaður var kærða skylt að hlýðnast honum.

Refsing kærða, sem hefir viðurkennt að hafa ekið 3 skipti með 3 farþega í framsætinu, ákveðst samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar 30 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánast með 3ja daga einföldu fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo ber kærða að greiða allan kostnað málsins, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði, 50 kr.

og málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Albert Jóhannesson, greiði 30 kr. sekt í ríkissjóð og komi 3ja daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo ber kærða og að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda í hæstarétti, málflutningsmanns Stefáns Jóh. Stefáns-sonar, 60 kr. og málsvarnarlaun verjanda síns í héraði og hæstarétti, málflutningsmanns Sveinbjörns Jónssonar, 110 kr.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn bifreiðarstjóra Albert Jóhannessyni, til heimilis á Vífilsstaðahæli í Garðahreppi í Gullbringusýslu, sem er 35 ára að aldri, út af kærum á hendur honum frá skipuðum skoðunarmanni bifreiða, Birni Bl. Jónssyni í Reykjavík, dags. 5. júlí og 28. ágúst f. á., fyrir það, að hann dagana 28. júní, 11. og 28. ágúst f. á., hafi í vöruflutningabifreiðinni G.-K. 17, eign heilsuhælisins á Vífilsstöðum, haft 3 farþega í framsæti bifreiðar þessarar, hvar, samkvæmt skoðunarvottorði bifreiðarinnar, eigi megi vera fleiri en 2 farþegar hjá bifreiðarstjóranum.

Er í hinu fyrstgreinda kæruatriði tekið fram af kæranda, að þetta sé brot á bifreiðalögunum og það stórt, því 3 farþegar hjá bifreiðarstjóra geri svo mikil þrengsli, að vel geti valdið truflun á stjórn bifreiðarinnar.

Hefir kærður undir rannsókn málsins talið það rétt vera, að hann í umrædd skipti hafi haft hjá sér frammi bifreiðinni 3 farþega, eða auk hans verið þar 3 menn í stað tveggja, eins og í skoðunarovottorði bifreiðarinnar greini, en hann kveðst jafnan hafa verið þeirrar skoðunar sem bifreiðarstjóri og hafa fulla reynslu fyrir því, að þetta komi ekki í bága við keyrslu á nokkurn hátt og að í sumum tilfellum sé þægilegra og jafnvel öruggara, að bifreiðarstjórinn hafi stuðning frá báðum hliðum. Ákærður segir og að framsæti umræddrar bifreiðar sé 165 cm. þvert yfir hana, og því fyllilega rúmt um 4 menn, eða engu minna pláss fyrir hvern en hlutfallslega í flutningabifreiðum fyrir 2 farþega frammi samkvæmt skoðunarovottorðum þeirra. Við yfirheyrslu á kærðum undir rannsókninni hefir hann lýst því yfir, að hann nauðugur gengi inn á að greiða sekt út af þessu, þar sem hann væri þeirrar skoðunar, að skoðunarmenn bifreiða hefðu við ákvörðun í skoðunarovottorðum um tölu farþega frammi bifreiðum, gert þetta af handahófi, og hvorki í lögum né reglugerð sé ákveðið, hve mikið rúm hverjum farþega sé ætlað, eða í lögum, hvar þeir skuli í bifreiðinni vera. Skipaður talsmaður ákærða rökstyður þetta álit hans í varnarskjali sínu undir rekstri málsins, og heldur því einnig fram, að umrædd ákvæði reglugerðarinnar um skoðun bifreiða, er fyrr greinir, eigi hafi stoð í lögum.

Í framlagðri umsögn tveggja annara lögskipaðra skoðunarmanna en kæranda, dags. 23. oktbr. f. á., um fyrrgreint kæruerindi, er meðal annars tekið fram, að gerð bifreiða, og þó sérstaklega umbúnaður og fyrirkomulag í framsæti þeirra, sé með afarmörgu móti, og því aldrei hægt að öllu leyti að leggja breidd sætisins til grundvallar þegar til sé tekið um farþegafjölda, heldur komi þar margt annað til greina eftir byggingu bifreiðarinnar. Kveðast þeir við ákvörðun farþega í skoðunarovottorðum sínum hafa farið eftir ákvæðum reglugerðar nr. 4, 1. febr. 1928, um skoðun bifreiða, er hafi stoð í bifreiðalögunum, svo og erindisbréfi fyrir skoðunarmenn bifreiða.

Í lögum nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 56 frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða, 4. gr., 2. málsg., stendur: „Í skoðunarovottorði skal ákveða, hversu margar farþegar megi vera í bifreið til mannflutninga“. En í 2.

gr. fyrrgreindrar reglugerðar um skoðun bifreiða, 4. málsg. stendur: „Í skoðunarvottorði skal ákveða, hversu margir farþegar megi vera í bifreið til mannflutninga, og skal sérstaklega tekið fram, hve margir megi sitja í framsæti, bæði fólks- og vörubifreiða, við hlið bifreiðarstjóra“.

Þegar nú samanburður er gerður á hinum tilfærðu ákvæðum laga um notkun bifreiða frá 1927 og reglugerðarinnar um skoðun bifreiða, virðast ákvæði reglugerðarinnar fara lengra en lagaákvæðið gerir ráð fyrir, að því leyti, að í reglugerðarákvæðinu er, auk tölu farþega alls í mannflutningabifreiðum, skoðunarmönnum uppálagt, að tiltaka í skoðunarvottorði, hve margir megi sitja í framsætum þeirra, og jafnvel meiri áherzla lögð á þetta ákvæði reglugerðarinnar en það, sem tekið er inn í reglugerðina eftir lögunum, og að þetta gildi einnig um vörubifreiðar, og kemur þá eigi til greina hlutarins eðli, sem annars gat komið til álita, þegar eingöngu er litið til lagaákvæðisins, og þá eins mátt segja, að það hefði verið óþarft að minnst á tölu farþega yfirhöfuð í bifreiðum, þar það lægi í hlutarins eðli, og í framkvæmdinni mun öllu meiri áherzla lögð á eftirlit með að reglugerðarákvæðinu sé framfylgt en lagaákvæðinu, sem reglugerðin á að styðjast við.

Enda þótt nú að talið verði, að nauðsyn beri til að hinir lögskipuðu skoðunarmenn bifreiða ákveði í skoðunarvottorðum sínum sérstaklega tölu farþega í framsætum allra bifreiða, virðist hinn rétti löggjafi hafa þurft að taka það fyrst til greina, eða áður en það er tekið fram í reglugerð, og þar sem það eigi virðist hafa verið gert hér, verður rétturinn að álita, að ákærður eigi verði látinn sæta ábyrgð eða hegningu fyrir brot gegn offtilgreindu ákvæði 2. greinar reglugerðar um skoðun bifreiða, nr. 4 frá 1. febr. 1928, og að hann beri því að sýkna af kærnum og kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu, og virðist þá málskostnaður eiga að greiðast af almannafé, þar á meðal þóknun til skipaðs talsmanns ákærða, er ákveðst hæfileg vera kr. 50.00.